

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 472 13. ágúst 1981
um Íslenskar Getraunir.

1. gr.

6. málsg. 13. gr. orðist svo:

Vinningar, sem ekki ná kr. 100,00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 100,00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 100,00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

10. janúar 1984

Nr. 12

AUGLÝSING

um meðferð meðlagsmála samkvæmt Norðurlandasamningi um
innheimtu meðlaga.

Ráðuneytið hefur falið Innheimtustofnun sveitarfélaga að annast frá 1. janúar 1984 hlutverk það, sem ráðuneytinu er falið í 2. mgr. 2. gr. samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga frá 23. mars 1962, sbr. lög nr. 93/1962 og jafnframt að taka að sér framkvæmd innheimtu meðlaga hér á landi samkvæmt samningnum.

Skipan þessi er gerð samkvæmt 2. gr. laga nr. 96/1962.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Jón Helgason.

Baldur Möller.

10. janúar 1984


Nr. 13

AUGLÝSING

um friðland í Gróttu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gróttu í Seltjarnarneskaupstað og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru við stórstraumsflóðmál landmegin á eiðinu og allt að 60 föðmum (115 m) á sjó út frá stórstraumsfjörumáli umhverfis eyjuna.



Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Vitastofnun Íslands hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Náttúruverndarráð haft í samráði um nývirki.
 2. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 1. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólki heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum.
 3. Óheimilt er að aka um svæðið og fara þar með hesta án sérstaks leyfis. Starfsmönnum Vitastofnunar Íslands er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi Vitastofnunar á staðnum.
 4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
 5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn. Óheimilt er að fara með hunda um friðlandið og hvers konar vist hunda er það bönnuð.
- Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Seltjarnarneskaupstaðar umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.
- Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.
- Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 219/1974.

Menntamálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinnsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Bolungarvíkur.

Arður skiptist í 8 hluti á milli jarða, sem land eiga að veiðisvæðinu.

Jarðir:

Ós	$\frac{3}{8}$ hlutar
Gil	$\frac{1}{8}$ —
Miðdalur	$\frac{1}{8}$ —
Hanhóll	$\frac{1}{8}$ —
Geirastaðir	$\frac{1}{8}$ —
Hóll	$\frac{1}{8}$ —

Núverandi eigendur:

Högni Pétursson.
Birgir Bjarnason.
Birgir Bjarnason að $\frac{3}{4}$ og
Högni Pétursson að $\frac{1}{4}$.
Jóhann Hannibalsson.
Ólafur Zakaríasson.
Bolungarvíkurkaupstaður.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.